

Ályktun – Sjálfbært Ísland Flokkisstjórnarfundur Samfylkingarinnar Austurbæ 19. október

Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar tekur undir kröfur skipuleggjenda loftslagsverkfallanna og skorar á ríkisstjórn Íslands að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og ráðist í aðgerðir af þeirri stærðargráðu að dregið verði úr losun gróðurhúslofttegunda um a.m.k. 55% árið 2030. Ísland setji stefnuna til framtíðar á að verða grænt velsældarhagkerfi með jöfnuð að leiðarljósi.

Loftslagsváin er stærsta ógnin sem mannkynið stendur frammi fyrir. Loftslagsbreytingar eru ekki aðeins umhverfismál, heldur snertir allt samfélagið með einum eða öðrum hætti. Grípa þarf til alvöru aðgerða og veita þeim sterka pólitíska forystu.

Jarðefnaeldsneyti – sem er sökudólgurinn - þarf að uppræta jafn og þétt og aðrir, grænir, orkugjafar þurfa að koma í staðinn til að mæta orkuþörf okkar. Samfara orkuskiptum þarf að binda kolefni í ríku mæli með öllum aðferðum sem við höfum, einkum við að koma landinu í upprunalegt horf með endurheimt votlendis og aukinni skógrækt. Hér þarf að flokka aðgerðir eftir árangri og ganga hratt til verks.

Fyrst og fremst vekja loftslagsbreytingar okkur upp við þann vonda draum – að lifnaðarhættir okkar ganga ekki og að við þurfum að skoða alvarlega forgangsröðun samfélagsins, neyslu okkar, vana og skipulag samfélagsins. Hagkerfið þarf að taka stakkaskiptum og sjónarmið sjálfbærni að verða leiðarljós þess.

Tryggja þarf, í samræmi við áherslur jafnaðarmanna, að hinir efnaminni muni ekki líða fyrir þann kostnað hlýst af þessu umbreytingartímabili sem fram undan er við færsluna yfir í samfélag án kolefna - þó ljóst sé að allir verði með einum eða öðrum hætti að taka ábyrgð á þeim breytingum. Meginreglan við opinbera stefnumótun og aðgerðir er að sá sem mengar borgar (e. polluter pays) - sem t.d. er tryggt við að taka upp hærra kolefnisgjald.

Samfélagið þarf að breytast - það er hægt að nálgast verkefnið með forvitni og jákvæðni eða reyna standa á móti nauðsynlegum breytingum í ótta – en að endingu snýst það raunverulega um að bjarga okkur sjálfum og heiminum. Verkefnið er nátengt og fer saman við önnur mál jafnaðarmanna. t.d. styttingu vinnuvikunnar og betri geðheilbrigðisþjónustu en færa má rök fyrir því að draga úr streitu og álagi samfélagsins muni hafa jákvæð áhrif á líðan fólks og stuðla að aukinni lýðheilsu. Mannkynið hefur sjaldan staðið fyrir jafnstórri áskorun. Til að að mæta henni þurfum við nýsköpun í hugsun á flestum sviðum samfélagsins – ekki síst stjórnámálum - hætta að hugsa aðeins út frá núverandi kerfum. Við þurfum að temja okkur djarft viðhorf og sýna pólitískt hugrekki. **Við stefnum að framtíðarsýninni - Sjálfbært Ísland** – og tillögurnar hér að neðan eru fyrsta varðan í leið að þeirri samfélagsmynd.

Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar leggur til eftirfarandi aðgerðir, að tillögu umhverfishóps Samfylkingarinnar:

1. Lýst verði yfir **neyðarástandi í loftslagsmálum** á sama tíma og gripið verði til eftirfarandi aðgerða:
2. **Dregið verði úr losun gróðurhúslofttegunda um a.m.k. 55% árið 2030.** Markmiðið verði bundið í lög.
3. **Græn fjárlög og grænt hagkerfi.** Sjálfbærni og grænar áherslur verði færð inn í fjárlagagerðina (e. Green budgeting)¹ og við fjárhagsáætlunargerð ríkis og sveitarstjórna. Ísland seti markið á að verða grænt velsældarhagkerfi með áherslu á hringrásarhagkerfið. Breytingar verði skoðaðar á hagvaxtarlíkani og aðrir þættir teknir inn. Þá verði teknar upp fleiri grænar vottanir og ívilnanir fyrir fyrirtæki á sviði grænna lausna.
4. Komið verði á **sérstöku embætti loftslagsráðherra** – sem sér um að framfylgja verkefnum þvert á ráðuneyti. Það endurspeglar á Alþingi með skipan tímabundinnar fastanefndar sem fjalli sérstaklega um loftslagsmál. Hugað verði hvernig megi lyfta verkefnum innan sveitarstjórna og svið sveitarstjórna. Þannig þurfa ákvarðanir ríkisins, t.d. í tengslum við opinberar fjárfestingar, að vera innan ramma sjálfbærra sjónarmiða.
5. **Tímasett útfösun jarðefnaeldsneytis** Nýtum meðgjöf landsins sem felst í endurnýjanlegum orkugjöfum og jarðvarma. Flýta þarf uppbyggingu dreifikerfi rafmagns um allt land í sátt við samfélag og náttúru. Með útfösun jarðefnaeldsneytis verður til umtalsverður ávinningur - efnahagslegur þar sem gjaldeyristekjur verða til enda innflutning á olíu hætt, mengun minnkar og loftgæði aukast til muna.² Markviss markmið ár frá ári verði sett um þessa umbreytingu og hugað að því hvað stjórnvöld þurfa að gera til að liðka fyrir henni, í samvinnu við atvinnulífið.
6. **Opinbert fjármagn til uppbyggingar rafhleðslustöðva um landið og við heimili stóraukið, til að hraða orkuskiptum í vegasamgöngum** – aukið opinbert fjármagn verði sett í verkefnið. Ríki og sveitarfélög þurfa að huga að einfalda ferli við skipulag, leyfisveitingar og annað til að hægja ekki á ferlinu.
7. **Nýskráningum á bensín og díselbílum hætt sem fyrst.** Núverandi áætlun ríkisstjórnarinnar miðar við 2030 sem er of seint.
8. **Hækkun kolefnisgjalds.** Sjónarmiðið hér er sá sem mengar borgar. Á meðan breytingin stendur yfir með útfösun jarðefnaeldsneytis – verði lagt á hátt kolefnisgjald – einkum á atvinnugreinar sem standa fyrir utan ETS-kerfið en jafnframt notkun bíla.
9. **Stórfellt átak í endurheimt votlendis og skógrækt.** Það er ein skjótvirkasta leiðin til að binda kolefni í miklu magni.
10. **Opinberar fjárfestingar við hágæðaalmenningsamgöngur** – fjármögnun almenningsamgangna um allt land verði tryggt.
11. **Aukið fjármagn renni til rannsóknar og þróunar.** Þak afnumið á endurgreiðslum til fyrirtækja vegna rannsókna og þróunar sem tengjast grænum lausnum og rannsóknarsjóðir hins opinbera á þessu sviði eflidir.
12. **Lífrænni matvælaframleiðslu gert hærra undir höfði** – með aukinni áherslu á ræktun grænmetis og ávaxta. Hér þarf að huga að ívilnunum og opinberum styrkjum. Endurskoða þarf búvörusamninga.

¹ OECD – alþjóðæfnahags og framfarastofnun Evrópu hefur talsvert að efni um green budgeting.

² Oslo borg hefur sett sér markmið um að vera án jarðefnaeldsneytis 2030.

13. **Regluverk fyrir grænar fjárfestingar** – regluverk verði sett um grænar fjárfestingar, græn skuldbréf.
14. **Ísland verði leiðtogi í umhverfismálum á alþjóðavettvangi** – loftslagsmál verði forgangsmál á vettvangi EES – stjórnvöld tali fyrir öflugum aðgerðum og viðsnúningi vegna loftslagsmála og umhverfismála fyrst og fremst með því að vera leiðtogi á heimavelli.
15. **Sjálfbærir neytendur og þeir sem huga að kolefnisfótspori sínu verði studdir betur af hinu opinbera og umbunað** – til þess verði skoðaðar ívilnanir í gegnum skattkerfi – samgöngustyrkir auknir til fólks -og hugmyndir á borð við **Grænar ávísanir**. Hugsanlega má skylda með lagaboði verslanir til að bjóða upp á umbúðalausar vörur í meira mæli.
16. **Matvæli verði merkt með kolefnisfótspori.**
17. **Markvissari skref tekin í átt að styttingu vinnuvikunar.** Stytting vinnuvikunnar er dæmi um vinnumarkaðsmál sem stuðlar að því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Rannsóknir sýna að við það að stytta vinnuvikuna um 20% myndum við draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um allt að 16% vegna breyttra samgöngumáta og neysluháttá.
18. **Einnota plast verði bannað** að ákveðnum aðlögunartíma loknum - þar með talið plast í matvöruverslunum, utan um matvæli, á veitingarstöðum o.s.frv. Plast í tengslum við heilbrigðisþjónustu verði þó undanþegið.